

Nd.

325. Nefndarálit

[36. mál]

um frv. til laga um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið á nokkrum fundum sínum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hl. nefndarinnar (EI, MB og US) fellst á, að nauðsynlegt hafi verið, eins og á stóð, að setja bráðabirgðalög um lausn kjaradeilu verkfræðinga á síðastliðnu sumri. Hins vegar telur meiri hl. nefndarinnar óeðlilegt, að gildistími laganna sé ekki ákveðinn. Meiri hl. leggur því til, að frumv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

4. gr. orðist svo:

Ákvarðanir gerðardóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistökudegi laga þessara, þar til nýir heildarsamningar hafa verið gerðir við ríkisstarfsmenn eða kjaradómur hefur fellt nýjan úrskurð um launakjör þeirra eftir árslok 1965.

Nú fellir kjaradómur úrskurð samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og skulu þá kjör verkfræðinga samkvæmt gerðardómi, dags. 28. okt. 1963, breytast til samræmis við úrskurð kjaradóms um kjör hliðstæðra ríkisstarfsmanna.

Minni hluti nefndarinnar (SkG og ÓskJ) er andvígur frumvarpinu og leggur fram sérstakt nefndarálit um það.

Alþingi, 25. febr. 1964.

Einar Ingimundarson,
form., frsm.

Unnar Stefánsson,
fundaskr.

Matthías Bjarnason.